

Grímsvötn.

Fransk-Íslenski leiðangurinn nálgast Grímsvötn að kvöldi 1. apríl, 1951. Tjaldað var um 5 km norðaustur af Grímsvatnalægðinni. Þá var bjart og stillt veður með 24°C frosti.

Næsta dag var gerð tilraun með þykktarmælingar á hinni ófögnu leið að vötnunum, en án árangurs. Meðan á þykktarmælingum stóð, gekk ég á Svíahnjúka í þeim tilgangi að mæla yfirborð Grímsvatna inn við einhvern fastan punkt.

Þegar ég var í miðjum hlíðum skall á hríðarveður með skafrenningi. Á hæsta tindinum setti ég niður mælingastöng. Snjó festi ekki á suðaustur rönd tindsins. Þar sást í beran vikurinn. Þar var klakastorkin vikurvarða, að stærð og lögun sem líkkista, er lögð hefði verið frá norðri til suðurs. NNV af vörðunni var allt hulið snjó, og þar var yfirborðið um 1 metra lægra, en um 40 m frá vörðunni tók það að hækka á ný og náði skjótt sömu hæð og hjá vörðunni, en þá var skammt eftir fram á snjóhengjubrún, sem slútti fram af þverhníptum tindinum Grímsvatna-megin. En þar sást ekkert nema iðulaust snjókófið. Hvað mælingum viðkom var ekkert hægt að gera, enda jókst veðurhæðin. Ég hélt niður af fjallinu og norðaustur til hreysikattanna (weasels), sem þeyttu horn sín, en slíkt heyrðist ekki langt. Að sjálfsögðu er áttavitinn bezt vitinn í slíkum veðrum.

Nú máttum við bíta í það súra epli að sitja fjóra daga veðurtepptir við Grímsvötn.

En aðferanótt lukkudagsins - laugardagsins 7. apríl - gekk veðrið niður. Morguninn var fagur og friðsæll, þegar fyrstu sólargeislarnir flæddu yfir jökulinn. Iskrystallar á tjaldtoppunum, sem enn gæðust upp úr snjóbreiðunni, glóðu sem smásólar.

Var nú brugðið við skjótt og haldið til Grímsvatna. Þar skildu leiðir, ég hugði til uppgöngu á Svíahnjúka, en hreysikettirnir þutu með fjórmeningana um hjarnbreiður Grímsvatna. Skotið var á nokkrum stöðum. Undirgrunn Grímsvatna sendi endurkastsbylgjur, en sá galli var á gjöf Njarðar, að hraði þeirra var ekki þekktur.

Bylgjuhraðinn í ís er 3600-3900 m en aðeins um 1400 m í vatni.

Spurning dagsins var því: er hér um ís eða vatn að ræða?

Margendurteknar mælingar með misjafnlega löngu bili milli sprengistaðar og seismo-graph/^{gefa bylgjuhraðann} en Grímsvötn munu vera heldur lítil um sig til þeirra huta, því að ekki má færa of nálægt jöðrunum svo ekki komi endurkastsbylgjur frá fjöllumunum í kring.

Að því er mig minnir, taldi Josef mælingamaður, samkvæmt bráða- birgðaútreikningi, að ísþykktin væri um 300 m og vatn þar undir um 75 metrar. Það er athyglisverð niðurstaða, þar sem vötnin voru ís- laus 1936 (tveim árum eftir gosið).

Ég gekk á Svíahnjúka með nákvæman hæðarmæli og fékk þessar nið- urstöður:

Frá tindi (1725) eru 215 m á vatnaskil milli Grímsvatna og Skeiðarárjökuls í lægðinni norðaustan Svíahnjúka. Þaðan 125 m að yfirborði hvers í Grímsvötnum fast upp við þver- hníptu hlið tindsins (1725)
Frá vikurvörðu að vatnsyfirborði voru því 340 m.

Hverinn, eða máske réttara sagt volga lindin við rætur tindsins hélt aðeins lítilli vök opinni. Barmurinn Grímsvatnámegin var 17 m hár sundursprunginn ísveggur. Miklar gufur lagði upp frá vökinni, sem féll út sem hrím, enda var frostið um 20 stig. Ég staldraði við um hálf klukkustund, og á þeim tíma gaus lindin einu sinni, um metershárra vatnssúlu, en hvort hér hefur verið um reglulegt hvera- gos að ræða, lét ég ósagt, því að andartaki áður en gosið kom, féll snjóflóð úr Svíahnjúkum 100-200 m vestar, svo að hér hefur e.t.v. að- eins verið um titringsbylgju að ræða.

Norður frá barmi lindarinnar hækkaði ísinn um rúml. 10 metra og myhdaði ávala hæð, sem lækkaði niður að miðjum Grímsvötnum. Þar var lágsta yfirborð lægðarinnar aðeins 8 m yfir vatnsfleti lindarinnar.

Ekkert svigrúm gafst til snjóælinga á Grímsvötnum. En við tjaldstaðinn 5 km norðaustur af vötnunum tók ég snjóælingar einn daginn, sem við vorum veðurtepptir, þ.e.a.s. 3. apríl.

Þá var snjódýpið 415 cm og vatnsgildið 1860 mm. Uppi á jöklinum var samanbárið harðfenni en laus snjór niðri í lægðinni, sem gaf til kynna að meira snjómagn fæuk inn til Grímsvatna en þaðan burt.

18.5.1951

S.Rist